

INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN

Innri endurskoðunardagurinn var haldinn þann 10. apríl síðastliðinn. Á dagskrá fundarins voru átta fyrirlesarar. Margrét Sanders, stjórnarformaður SVP, var fundarstjóri en Sif Einarsdóttir ritari Félags um innri endurskoðun, setti ráðstefnuna.



Fyrst á mælendaskrá var Jenný Stefanía Jensdóttir, sem er stjórnarformaður í Gagnsæi samtökum gegn spillingu. Erindi hennar hét

„Spilling og svik“. Leiðarljós Gagnsæis er m.a. að efla samstöðu um baráttu gegn spillingu og starfa opinskátt, heiðarlega og lýðræðislega á óhlutdrægan hátt. Markmið Gagnsæis á fyrsta starfsárinu eru m.a. að knýja á um umbætur sem OECD og Transparency International hafa bent á að gera þurfi í íslensku lagaumhverfi og stuðla að vitundarvakningu, fræðslu og umræðu meðal almennings um spillingu. Í lokaverkefni sínu rannsakaði Jenný

hvernig ástandið væri á Íslandi og kom þá í ljós að lagahliðin væri í lagi en framkvæmdin fengi fall-einkunn. Í erindi sínu kom Jenný nánar inn á skilgreininguna á spillingu og misferlisþríhyrnunginn, („Fraud triangle“). Síðan kynnti hún gögn sem sýna hvaða aðilar eru líklegastir til að framkvæma svik og þar bar hæst millistjórnendur og æðstu stjórnendur. Jafn-

framt kom fram að flestir sem fremja svik starfa við fjármálatengd störf. Eins kom hún inn á að fyrirtæki eru ekki að greina eða bregðast nógu fljótt við viðvörumerkjum. Einnig að afskiptalaust rautt flagg ryður leiðina fyrir brotamenn að halda áfram misferlinu og fyrirtækið glatar tækifærum til að uppgötva svikin og koma í veg fyrir þau.

Guðmundur I. Bergþórsson, framkvæmdastjóri innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur, kom næstur í pontu. Erindi hans hét „Samtímaendurskoðun: Er snúið að sjá núíð og brattar hlíðar til framtíðar?“ Í erindi hans voru settar m.a. fram skilgreiningar á samtímaendurskoðun, gefið var yfirlit yfir notkun aðferðafræðinnar á heimsvísu og farið var yfir tilurð, forsendur og inntak



hennar. Þannig kom fram að samtímaendurskoðun byggir á að greina samtímagögn til að hanna endurskoðunaráætlanir þar sem markmiðið er að staðfesta hversu virkt eftirlitskerfið er

til að mæta áhættu og/eða frávikum sem eru að gerast eða eru í uppsiglingu innan skipulagsheilda. Samtímaendurskoðun er því í eðli sínu framvirk aðferð þar sem endurskoðandinn horfir til nútíðar og framtíðar en metur ekki einungis virkni eftirlitskerfa afturvirk. Að lokum kom fram í erindinu að þrátt fyrir að samtímaendurskoðun hafi ekki verið innleidd á fullnægjandi hátt nema hjá hlutfallslega fáum fyrirtækjum í heiminum í dag séu aðstæður til að taka upp og innleiða aðferðafræðina á Íslandi hentugar þar sem menntunarstig er hátt, tæknin er til staðar að einhverju leyti og gagnamagnið ætti að vera viðráðanlegt.

(frh. á næstu síðu)

EFNISYFIRLIT

INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN 1

MORGUNVERÐARFUNDUR UM ACL 3

PISTILL STJÓRNAR OG AÐALFUNDUR FIE 3

HEIMSÓKN ANTON VAN WYK 7

ÁBYRGÐARMÁÐUR:

KRISTÍN KALMANSDÓTTIR

HEIMASÍÐA
FIE@FIE.IS

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. (www.theiia.org) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

Birgir Grétar Haraldsson, yfirmaður hagdeildar Össurar hf. hélt erindi undir heitinu „Samtímaeftirlit hjá Össuri“. Kom hann m.a. inn á að hraður vöxtur félagsins með tilheyrandi fyrirtækjakaupum hefði skapað ýmis vandamál og áskoranir bæði fyrir ytri og innri endurskoðendur. Þá kom hann inn á reynslu félagsins af Exmon hugabúnaðinum frá Expectus og sagði hann kerfið hafa reynst þeim vel, en lagði áherslu á að skilgreina þyrfti mælikvarða af kostgæfni til að fyrirbyggja endalaugar tilkynningar eða viðvaranir frá kerfinu til stjórnenda. Þá sagði hann að til að bregðast við þessum mikla fjölda viðvarana frá kerfinu væri nýbúið að ráða starfsmann sem sinnir því og fer jafnframt yfir ferla með viðkomandi starfsmönnum. Hættan er alltaf sú að ef viðvaranir eru of margar þá séu póstarnir látnir afskiptalausir.

Sveinbjörn Egilsson, forstöðumaður innri endurskoðunar hjá Icelandair Group hf. fjallaði um hagnýta notkun samtímaeftirlits og kom hann m.a. inn á hvernig félagið nýtir sér kosti samtímaeftirlitskerfis. Sveinbjörn lagði áherslu á að síun upplýsinga væri mikilvæg til að forðast yfirflæði þar sem mikið magn upplýsinga væri aðgengilegt. Meðal þátta sem eftirlitið nýtist í eru m.a. að sami reikningurinn sé tvískráður/tvígreiddur, innheimta kreditkorta, sviksemisgreining, eftirlit með kerfum o.fl.

Næsta umfjöllunarefni var tölvuendurskoðun.

Ágúst Hrafnkelsson, innri endurskoðandi Íslandsbanka fjallaði um endurskoðun upplýsingarkerfa. Lagði Ágúst áherslu á að aðilar festust ekki í sílóm þar sem hafa þarf í huga kosti samþættrar endurskoðunar („Integrated Auditing“). Dæmi um þetta er sú gjá sem



getur myndast á milli upplýsingatæknifólks og viðskiptahlutans og því mikilvægt að samvinna á milli þessara aðila sé góð þannig að allir stefni í sömu átt. Þannig sé mikilvægt að brjóta niður síló. Þá nefndi hann dæmi um úttektir s.s. stjórnkerfi og stjórnarhættir tengdir upplýsingatækni, samspil kerfa og tengingar, netkerfi og stillingar netbúnaðar og raunlægt öryggi o.fl. Þannig væri mikilvægt að þeir sem sinna úttektum hafi þekkingu og yfirsýn til að spyrja réttar spurninga og kafa nægilega djúpt ofan í einstaka þætti til að virðisauki verði af slíkum úttektum. Í samantekt sinni kom hann því m.a. inn á að áherslur ættu að vera eftir áhættumati, forðast sílómyndun og nauðsyn viðhaldsþekkingar og reynslu.

Strax á eftir Ágústi kom Ebenezer P. Böðvarsson, öryggisstjóri Borgunar. Í erindi sínu „Virði tölvuendurskoðunar með augum öryggisstjórans“ nefndi hann til sögunnar öryggisstoðirnar þrjár (CIA), þ.e. leynd (C), tiltæki (A) og réttlæiki (I) og lagði áherslu á háa öryggismeðvitund. Þá kom m.a. fram að með tölvuendurskoðun minnkar áhætta

Borgunar og er hún jafnframt stuðningur við mikilvæg öryggisverkefni. Á meðal eiginleika sem Ebenezer taldi að tölvuendurskoðendur ættu að hafa er að geta spurt réttu spurninganna, að geta skilið í hverju reksturinn felst („businessinn“) og ekki taka öllu sem gefnu frá kerfisstjórnunum o.fl. Í erindi hans kom jafnframt fram mikilvægi þess að plástra ekki vandamálin heldur ráðast að rót vandans og nefndi hann aðgangsheimildir sem dæmi í því samhengi.

Í lokin steig Jóhanna María Einarsdóttir, innri endurskoðandi Promens, í pontu og flutti erindi sitt „Í mark á móti straumnum: Árangur af innleiðingu innri endurskoðunar hjá Promens“. Í erindi sínu rakti Jóhanna María kosti nýtingar upplýsingatækninnar við innri endurskoðun hjá ns. Þá kom hún inn á að þar sem Promens hefur stækkað mjög hratt m.a. með ytri vexti þá fjölgaði upplýsingatæknikerfum á sama tíma sem gerir tölvuunni gagnaendurskoðun erfiðara fyrir. Lausnin fólst því m.a. í verkstjórnunar- og verkferlakerfi fyrir innri endurskoðendur og varð ACL GRC fyrir valinu. Á meðal krafna sem kerfið þurfti að uppfylla voru að það væri fljótlegt að koma í framkvæmd þ.e. kerfið væri aðgengilegt og einfalt og þarfnadist ekki mikillar þjálfunar í notkun, kostnaður við innleiðingu væri í lágmarki o.fl. Þá kom hún inn á að í upphafi var stuðst við einfaldar verkáætlanir sem síðan voru útvíkkaðar og dýpkaðar eftir því sem umfang verkefna var aukið en með innleiðingu var aukin skilvirkni og hæfni teymisins. Þ.a.l. hefði skilvirkni endurskoðunarferilsins aukist um 30-40% og skilað meiri árangri og yfirferð.





MORGUNVERÐARFUNDUR 13. MAÍ

Þriðji morgunverðarfundur vetrarins var haldinn á Grand hótél Reykjavík þann 13. maí síðastliðinn. Mjög vel var mætt á fundinn eða rétt tæp 40 manns.

Að þessu sinni fengum við að kynna ACL endurskoðunar- og greiningarkerfinu. Efni fundarins var því: „Nýting ACL í tölvuunninni gagnagreiningu og innri endurskoðun“. Fengum við til okkar þrjá sérfræðinga sem fóru yfir hvernig kerfið virkar og hvernig það er nýtanlegt við gagnagreiningu og innri endurskoðun.

Fyrst tók til máls Carsten Christiansen frá Bizcon í Danmörku. Bizcon er umboðsaðili ACL á Norðurlöndunum. Carsten er upplýsingatæknimenntaður og hefur mikla þekkingu á því að aðstoða við innleiðingu á nýrri tækni og þjálfun. Hann hefur einnig unnið að því að koma á fót norrænu samfélagi notenda ACL til að notendur lausnanna fái sem mest út úr þeim. Fyrirlestur hans fjallaði um hvernig auka á virði með samfelldu eftirliti og hvernig ACL styður það („How to create value with continuous monitoring and how ACL supports this“) og var fluttur á ensku.

Á eftir Carsten tók Albert Ólafsson til máls. Albert er viðskiptafræðingur að mennt auk þess að hafa lokið CISA og CIA. Hann hefur notað ACL Analytics við gagnagreiningar hjá Ríkisendurskoðun frá árinu 1991. Albert fjallaði um hvernig nýta má ACL Analytics við endurskoðun.

Þá tók til máls Jóhanna María Einarsdóttir. Jóhanna er viðskiptafræðingur að mennt og er starfandi innri endurskoðandi Promens hf. en Promens hefur nýtt sér verkferla- og verkstjórnunarkerfishluta fyrir innri endurskoðendur frá ACL GRC við innri endurskoðun.

Fundurinn tókst einkar vel og vantaði helst meiri tíma þar sem spennandi var að sjá hvernig hægt er að nýta kerfið við gagnagreiningu og innri endurskoðun.

PISTILL STJÓRNAR

Nú er enn eitt starfsár Félags um innri endurskoðun á enda runnið. Það er þó lítið lát á starfsemi félagsins og ýmislegt framundan á næstu vikum þótt íslenska sumarið hafi hafið innreið sína. Framgangur dagskrár ræðst þó að nokkru leyti af því hvernig til tekst í að ljúka yfirstandandi kjaradeilum. Í Fréttablaðinu á miðvikudag var haft eftir heilbrigðisstarfsmanni eitthvað á þá leið að grísum sem biðu slátrunar væri gert hærra undir höfði í fréttaflutningi en sjúklingum sem biðu umönnunar og lækninga. Það er spurning hvar ferðabýrstum innri endurskoðendum yrði raðað í þá forgangsröð?

Ef það tekst að afstýra boðuðum verkföllum í ferðapjónustunni, þá munu átta manns úr félaginu taka þátt í tveggja daga ráðstefnunni Nordic Light í Stokkhólmi í næsta mánuði. Ráðstefnan er afsprengi samstarfs aðildarféлага alþjóðasamtaka innri endurskoðenda á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum, en Svíar hafa haft veg og vanda af undirbúningi. Ef vel tekst til er ætlunin að slíkar ráðstefnur verði haldnar reglulega og flakki milli landa innan þessa svæðis. Anton van Wyk, formaður alþjóðasamtakanna er meðal framsögumanna á ráðstefnunni og mun hann í beinu framhaldi sækja Ísland heim.

Hjá okkur mun hann halda erindi á hádegisverðarfundum, sem haldinn verður 15. júní næstkomandi. Það form er viðbót í flóru viðburða hjá Félagi um innri endurskoðun og er það von okkar að sem flestir félagsmenn sjái sér fært að taka þátt í fundinum og taki sér hlé frá undirbúningi þjóðhátíðardagsins. Það er okkur vissulega heiður að fá slíka heimsókn, enda dagskráin þétt hjá Antoni. Hann var þó spenntur að sækja okkur heim, enda kom hann hér við í öðrum erindagjörðum fyrir nokkrum árum síðan og hreyfst af landinu. Erindi hans ber yfirskriftina „Successful leadership for a Chief Audit Executive“ og má gera ráð fyrir að erindið eigi erindi til allra félagsmanna hvort heldur sem þeir stýra innri endurskoðunardeild eða starfa við fagið. Anton hefur rúmlega aldarfjórðungs reynslu af vinnu með viðskiptavinum á sviði stjórnarhátta, áhættustýringar og innri endurskoðunar og er yfirmaður áhættuþjónustu PwC í Afríku. Hann er einnig í hinni frægu King-nefnd í Suður-Afríku, sem meðal annars er þekkt fyrir framsetningu krafna á sviði stjórnarhátta. Er því full ástæða til að hvetja félagsmenn og aðra áhugasama að sækja þennan hádegisverðarfund.

Í júlí verður alþjóðaráðstefnan haldin í Vancouver í Kanada og munu einhverjir Íslendingar leggja leið sína þangað. Í tengslum við ráðstefnuna verða að vanda fundir í nefndum og ráðum alþjóðasamtakanna, auk ársfundar. Ástæða er til að hvetja félagsmenn Félags um innri endurskoðun til að íhuga möguleika sína til að gefa kost á sér til starfa á vegum alþjóðasamtakanna, enda er þátttaka í nefndum og ráðum verðmæt leið til að taka virkan þátt í mótun faggreinarinnar til framtíðar og njóta í leiðinni góðs af reynslu kollega frá öllum heimshornum. Árlega er auglýst eftir tilnefningum og rennur frestur yfirleitt út í kringum mánaðarmót október-nóvember ár hvert. Fyrir einhverja kann að reynast góð byrjun að hefja ferilinn í nefndum Félags um innri endurskoðun og afla sér reynslu til frekari ábyrgðarstarfa.

Stjórn félagsins

Á aðalfundi félagsins þann 21. maí 2014 voru Guðjón Viðar Valdimarsson, Kristín Kalmansdóttir og Sif Einarasdóttir kosin í stjórn til tveggja ára. Ágúst Hrafnkelsson og Hrefna Gunnarsdóttir höfðu árið áður verið kosin til tveggja ára og sátu því áfram í stjórn þetta starfsár.

Stjórn skipti með sér verkum þannig að Ágúst var kosinn formaður, Hrefna gjaldkeri, Sif ritari og Guðjón og Kristín meðstjórnendur. Stjórn hélt níu formlega stjórnarfundum á starfsárinu og kallaði til sín formenn nefnda til skrafs og ráðagerða. Á síðasta fundi sínum fyrir aðalfund fór stjórn jafnframt yfir sjálfsmat á störfum sínum og ræddi möguleika til að gera starf hennar enn markvissara.

Hrefna hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og eru henni færðar sérstakar þakkir fyrir frábært starf í þágu félagsins á undanförunum árum. Við treystum því að hún muni áfram taka virkan þátt í starfinu, þótt það verði ekki á vettvangi stjórnar.

Nefndarstörf

Samkvæmt 7. grein samþykkt félagsins starfa tvær fastanefndir innan þess, alþjóða- og staðlanefnd og fræðslunefnd. Formenn þessara nefnda eru kjörnir á aðalfundi félagsins ár hvert, en velja síðan með sér aðra nefndarmenn. Auk þess skipar stjórn formann síðanefndar í samræmi við ákvæði 4. greinar samþykktanna og getur jafnframt sett á lagginnar aðrar nefndir til að sinna sérstökum verkefnum á vegum félagsins.

Ástráður Karl Guðmundsson var kosinn formaður alþjóða- og staðlanefndar, en auk hans störfuðu Ingunn Þórðardóttir og Þórir Haraldsson með honum í nefndinni. Nefndin tók saman kynningu á tillögum um viðbætur við alþjóðlegan ramma um innri endurskoðun („IPPF“) og kynnti fyrir stjórn félagsins og á stefnumótunarfundi í janúar. Þá vann nefndin að þýðingu á endanlegum texta og hefur þýðingin verið yfirfarin og stimpluð af löggiltum skjalapýðanda og send alþjóðasamtökunum eins og reglur gera ráð fyrir. Ekki er þó heimilt að greina frá endanlegu innihaldi fyrr en það verður formlega kynnt á alþjóðaráðstefnu samtakanna í júlímánuði. Alþjóða- og staðlanefndin gerði einnig stuttan kynningartexta til að vekja athygli á alþjóðlegum meðvitundarmánuði um innri endurskoðun eða „International Internal Audit Awareness Month“ sem nú er að renna sitt skeið á enda. Þótt þessi opinberi kynningarmánuður á alþjóðavísu sé að enda þetta árið er hinsvegar ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram kynningarstarfi allt árið um kring og grípa þau tækifæri sem gefast til að bera út boðskapinn.

Viðar Kárasón hefur gengt formennsku í fræðslunefnd, en auk hans áttu Ingigerður Stella Logadóttir, Jóhanna María Einarasdóttir, Pétur S. Hilmarsson og Sonja K. Jakobsdóttir sæti í nefndinni. Nefndin sá um skipulagningu tveggja daga haustráðstefnu, sem haldin var í október á Hótel Sögu. Efni ráðstefnunnar að þessu sinni var fjárhagsendurskoðun fyrir innri endurskoðendur, en námsefni og fyrirlesarinn Hal Manasa kom frá IIA. Undirbúningur næstu haustráðstefnu er hafinn hjá nefndinni, enda mikilvægt að val á efni og leiðbeinanda liggi fyrir með hæfilegum fyrirvara.

Fræðslunefnd stóð fyrir þremur morgunverðarfundum á starfsárinu. Sá fyrsti var haldinn í nóvember og fjallaði um tölvuöryggismál. Kjartan Briem frá Vodafone fjallaði um frægt innbrot í upplýsingakerfi félagsins og lærdóm sem draga mætti af því og Theódór Gíslason hjá Syndís ræddi á mannamáli um helstu aðferðir tölvuglæpamanna. Í febrúar var haldinn fundur um Bitcoin, þar sem Sveinn Valfells og Jón Helgi Egilsson skýrðu eðli þessa gjaldmiðils og notagildi. Fyrr í þessum mánuði var svo fræðslufundur um nýtingu ACL í tölvuunninni gagnagreiningu og innri endurskoðun. Á fundinum kynntu Carsten Christiansen frá Biszcon í Danmörku, Albert Ólafsson hjá Ríkisendurskoðun og Jóhanna María Einarasdóttir hjá Promens mismunandi þætti varðandi beitingu þessara tóla við störf innri endurskoðenda. Mæting á morgunverðarfundina í vetur hefur verið mjög góð.

Innri endurskoðunardagurinn er árlegur viðburður, sem stjórn félagsins skipuleggur í samstarfi við fræðslunefnd. Dagurinn, sem er í formi hálf dags ráðstefnu, var haldinn 10. apríl síðastliðinn og tókst með ágætum. Ráðstefnustjóri var Margrét Sanders, stjórnarformaður SVP. Átta innlendir fyrirlesarar héldu erindi á ráðstefnunni.

Fræðslunefnd hefur jafnframt umsjón með útgáfu fréttabréfs félagsins sem gefið er út í rafrænu formi og er aðgengilegt á heimasíðu félagsins. Hugmyndir hafa verið uppi um að auka hlut fræðigreina í blaðinu, en það krefst virkrar þátttöku sem flestra félagsmanna við að útvega efni til birtingar.

Þáverandi stjórn félagsins tók á fundi sínum þann 11. júní 2013 ákvörðun um að koma á lagginnar svokallaðri útbreiðslunefnd, en meginhlutverk hennar er að kynna innri endurskoðun út á við gagnvart atvinnulífinu og vinna að fjölgun félagsmanna. Stjórn skipaði Auðbjörgu Friðgeirsdóttur formann nefndarinnar. Á því starfsári sem nú er að ljúka bættust tveir nefndarmenn í nefndina, þau Gréta Gunnarsdóttir og Sveinbjörn Valgeir Egilsson. Nefndin hélt fimm formlega fundum á árinu og hefur lagt drög að ýmsum aðgerðum til að mæta því hlutverki sem nefndinni var ætlað. Þessi nefnd var upphaflega sett á lagginnar í tilraunaskyni, en áhugi er fyrir því að halda starfi hennar áfram.

Faghópar

Samþykktir félagsins gera ráð fyrir að starfræktir séu faghópar innan félagsins, en ekki hefur þó orðið af stofnun slíkra hópa fyrr en á þessu starfsári. Tveir hópar hafa verið myndaðir, einn um innri endurskoðun hjá hinu opinbera og öðrum skipulagsheildum sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og annar um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja. Lögð hafa verið drög að stofnun þriðja hópsins um endurskoðun upplýsingaöryggis og samtímaendurskoðun, en ætlunin er að stofnfundur verði haldinn áður en sumarleyfi hefjast almennt.

Undirbúningshópur fór af stað síðastliðið haust með það að markmiði að undirbúa stofnfund faghóps um innri endurskoðun hjá hinu opinbera og stilla upp drögum að erindisbréfi. Í undirbúningshópnum voru Albert Ólafsson, Anna Margrét Jóhannesdóttir, Ingi K. Magnússon, Kristín Kalmansdóttir og Nanna Huld Aradóttir, en þau eru öll fagvottaðir innri endurskoðendur (CIA). Hópurinn hittist nokkrum sinnum á haustmisseri, en boðaði til stofnfundar þann 27. janúar síðastliðinn. Þar var farið yfir frumdrög að erindisbréfi og rætt um væntingar til starfsemi hópsins. Undirbúningshópurinn skilaði drögum að erindisbréfi til stjórnar og kynnti á stefnumótunarfundinum í janúar. Erindisbréfið var gefið út af stjórn félagsins þann 18. mars. Hópurinn ætlar að hittast þann 25. ágúst næstkomandi. Á dagskrá verður innlegg frá tveimur innri endurskoðendum sem starfa hjá hinu opinbera ásamt því að ræða um væntingar og viðfangsefni hópsins fyrir starfsárið 2015 – 2016.

Lilja Steinþórsdóttir tók að sér að halda utanum starf faghóps um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja og var stofnfundur hópsins haldinn þann 12. maí síðastliðinn. Á fundinum var fjallað um samskipti innri endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja við eftirlitsaðila, auk þess sem farið var yfir það hvaða áhrif umsókn um beitingu innri matsaðferðar við ákvörðun eiginfjárþarfar hefði á starfsemi innri endurskoðunar. Á fundinum var einnig rætt um hugmyndir um frekara starf faghópsins, sem áætlað er að fundi næst á haustmánuðum. Þar voru einnig viðráðar áhyggjur, einkum ytri þjónustuaðila, af því að stjórnir fyrirtækja sem þeir ynnu fyrir væru ekki reiðubúnar að útluta nægu fjármagni til staðfestingarverkefna og því gæti reynst vandkvæðum bundið að sinna þeim á fullnægjandi hátt.

Stjórn telur að fyrstu skref þessara faghópa lofi mjög góðu um framhaldið og þeir komi til með að vera góð viðbót við flóruna í starfi félagsins. Með tilkomu þeirra gefst tækifæri á að ræða ýmis mál sem tengjast meira viðfangsefnum innri endurskoðenda í afmarkaðri atvinnugreinum. Lögð er áhersla á að um sé að ræða faglega umræðu á sviði innri endurskoðunar, stjórnarháttá og áhættustýringar.

Umsagnir um lagafrumvörp, reglur og leiðbeinandi tilmæli

Á þessu starfsári hefur verið fremur rólegt yfir lagasetningu sem varðar innri endurskoðun með beinum hætti. Afgreiðsla frumvarps um opinber fjármál hefur dregist frá því sem vonir voru upphaflega bundnar við, en það frumvarp inniheldur mikilvæg ákvæði sem festa myndu innri endurskoðun í sessi í opinbera geiranum.

Stjórn félagsins ritaði á haustmánuðum umsögn um drög að leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um innri endurskoðun váttryggingafélaga. Tilmælin, sem eru númer 7/2014, voru gefin út í desember og virðist hafa verið tekið tillit til ábendinga í umsögn félagsins við endanlega útgáfu þeirra. Tilmælin fela meðal annars í sér vísun til staðla og siðareglna alþjóðasamtaka innri endurskoðenda.

Fagvottun og endurmenntunareiningar

Þeim einstaklingum fjölga smám saman sem lokið hafa tilskyldum prófum og uppfyllt öll skilyrði til fagvottunar sem innri endurskoðendur og hafa þar með áunnið sér rétt til að kalla sig „Certified Internal Auditor“. Þrír félagsmenn náðu sér í fagvottun á starfsárinu og hafa tuttugu Íslendingar því öðlast fagvottun á sviði innri endurskoðunar frá upphafi. Stjórn félagsins leggur áherslu á að fjölga fagvottuðum einstaklingum í landinu og munu einhverjir einstaklingar nú þegar hafa hafið nám eða eru að íhuga það.

Það er mikilvægt fyrir alla félagsmenn að hafa aðgang að vandaðri fræðslu til að þeir eigi kost á að styrkja fagþekkingu sína og efla sjálfa sig í starfi. Fyrir fagvottaða einstaklinga er að auki mikilvægt að eiga kost á fullnægjandi framboði af endurmenntunareiningum, sem þeir verða að standa skil á árlega til að halda fagvottuninni virkri. Félagið hefur því lagt sig fram við að auka framboð endurmenntunareininga. Auk eigin morgunverðarfunda, haustráðstefnu og innri endurskoðunardags mun tilkoma faghópanna auka framboð endurmenntunareininga. Þá eiga þeir sem taka virkan þátt í stjórn eða nefndum á vegum félagsins kost á að ávinna sér endurmenntunareiningar með þátttöku. Þá hefur Félag löggiltra endurskoðenda boðið félagsmönnum FIE að taka þátt í ýmsum viðburðum á vegum félagsins á innanfélagsverði. Samstarf félagsins við systurfélög á Norðurlöndum miðar einnig að því að auka framboð á vönduðu fræðslustarfi. Þá má minna á að þátttaka í starfi alþjóðasamtakanna gefur einnig kost á endurmenntunareiningum, enda góð leið til að bæta við þekkingu sína og fylgjast með því sem er að gerast á þessu sviði um allan heim.

Stefnumótun félagsins

Stjórn félagsins hefur á nokkurra ára fresti endurskoðað stefnu félagsins. Síðast fór endurskoðun stefnunnar fram árið 2011 og var því kominn tími á að yfirfara hana. Liður í endurskoðun stefnunnar var að fara yfir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri frá sjónarhóli félagsins og faggreinarinnar. Boðað var til stefnufundar í janúar á þessu ári og komu nokkrir félagsmenn saman til að ræða þessi mál og áherslur í starfsemi félagsins. Ýmsar ágætar ábendingar og hugmyndir komu fram og í kjölfar frekari úrvinnslu samþykkti stjórn félagsins nýtt stefnuskjal á fundi sínum 20. þessa mánaðar. Alþjóðasamtök innri endurskoðenda hafa nýlega lokið við endurskoðun sinnar stefnu og var einnig tekið mið af henni eftir því sem við á.

Stefna félagsins byggir á fjórum eftirfarandi meginmarkmiðum:

- Vera leiðandi við að byggja upp fagþekkingu hér á landi á sviði innri endurskoðunar
- Auka sýnileika innri endurskoðunar sem faggreinar og auka eftirspurn þannig að haghafar sjái hana sem ómissandi úrræði/auðlind
- Styrkja tengsl við fagfélög innri endurskoðenda á alþjóðavísu, einkum IIA, ECIIA og systurfélög FIE á Norðurlöndum
- Byggja upp gott innra starf á vegum félagsins, efla samskipti félagsmanna og fjölga félagsmönnum

Til viðbótar við áður nefnd meginmarkmið hafa verið skilgreindar leiðir að markmiðunum, sem hugmyndin er að vinna nánar með í starfsemi félagsins.

Endurskoðun regluverks félagsins

Mikilvægt er fyrir öll félagasamtök að búa yfir hæfilegu og viðeigandi regluverki fyrir starfsemi sína. Slíkt er ekki síst mikilvægt fyrir fagfélög eins og Félag um innri endurskoðun. Það er því hollt að endurskoða umgjörðina annað slagið og leggja mat á hvort ástæða sé til að uppfæra hana á einhvern hátt. Stjórn félagsins hefur sett upp vinnuhóp til að fara yfir núverandi samþykktir, starfsreglur stjórnar og aðrar innri reglur sem í gildi eru og meta hvort ástæða sé til uppfærslu eða viðbóta. Yfirferðinni er ekki lokið og mun henni verða haldið áfram á komandi starfsári. Hins vegar tók stjórn ákvörðun um að ekki væri efni til breytinga á samþykktum félagsins á þessum aðalfundi.

Nýr samningur við IIA

Á starfsárinu var gengið frá undirritun nýs samnings við alþjóðasamtök innri endurskoðenda, IIA. Samningurinn tekur á ýmsum réttindum og skyldum beggja aðila og kemur í stað eldri aðildarsamnings. Samningsformið sjálft er staðlað og niðurstaða langvarandi vinnu lögmanna alþjóðasamtakanna og umsagnarferlis þar sem aðildarfélög og nefndir innan alþjóðasamtakanna komu með fjölmargar athugasemdir og ábendingar. Samningurinn felur í sér ýmsa valmöguleika hvað varðar þjónustu og samskiptamáta.

Í tengslum við samningsgerðina tók stjórn ákvörðun um að tímaritið Internal Auditor berist félagsmönnum framvegis með rafrænum hætti. Ástæðan fyrir því er ekki hvað síst áhersla stjórnar félagsins á umhverfismál, þótt þessu fylgi einnig lítilsháttar sparnaður.

Þakki til félagsmanna og annarra sem lagt hafa starfinu lið

Að lokum vill stjórn félagsins koma á framfæri þökkum til allra þeirra einstaklinga sem lagt hafa félaginu lið með þátttöku sinni í nefndum, með undirbúningi stofnunar og umsjón með starfi faghópa, fyrirlesturum, greinarskrifum eða með öðrum hætti. Félagsmönnum er einnig þakkað fyrir þátttöku í starfinu með því að mæta á fundi, hvort sem er til að hlusta á aðra eða taka virkan þátt í umræðum.

Stjórn FIE



Formaður:
Ágúst
Hrafnkelsson



Gjaldkeri:
Hrefna
Gunnarsdóttir



Ritari:
Sif Einarsdóttir



Meðstjórnandi:
Kristín
Kalmansdóttir



Meðstjórnandi:
Guðjón Viðar
Valdimarsson

Hádegisverðarfundur Félags um innri endurskoðun

15. júní 2015 kl. 12:00 – 14:00

Grand Hótel Reykjavík

Stjórn Félags um innri endurskoðun kynnir með stolti tímamótaviðburð í sögu félagsins þar sem *Anton van Wyk formaður alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (The Institute of Internal Auditors)* verður framsögumaður á hádegisverðafundi félagsins þann 15. júní nk.



Hann mun halda áhugavert erindi um það hvernig ná megi árangri með innri endurskoðun undir yfirskriftinni *Successful leadership for a CAE*. Hér gefst félagsmönnum og öðrum sem áhuga hafa á góðum stjórnarháttum, áhættustýringu og innri endurskoðun einstakt tækifæri til að ræða við formanninn, bera upp spurningar eða taka þátt í umræðum.

Anton hefur hátt í 30 ára reynslu á sviði stjórnarháttá, áhættustýringar og innri endurskoðunar. Auk margvíslegra trúnaðarstarfa innan PwC á hann sæti í King nefndinni í Suður-Afríku. Nefndin hefur verið leiðandi í úrbótum á stjórnarháttum fyrirtækja og hefur verið áhrifavaldur í því sem í dag telst til fyrirmyndar í stjórnarháttum fyrirtækja víða um heim.

Nánari upplýsingar um feril Antons er að finna á slóðinni <https://global.theiia.org/about/about-the-iiia/Public%20Documents/Anton-van-Wyk-Bio.pdf>

Innri endurskoðun er lykilþáttur í virku eftirlitskerfi fyrirtækja og veitir stjórn og stjórnendum hlutlæga staðfestingu og innsæi um það hvort stjórnarhættir, áhættustýring og innra eftirlit sé áhrifaríkt og skilvirkt.

Matseðill:

Súpa, heimabakað brauð

Smjörsteikt grísnitsel með steiktum kartöflum, grænmeti og kryddsmjöri

Kaffi eða te

Aðgangseyrir er 5.000 kr.

Þátttaka í fundinum gefur 2 endurmenntunareiningar hjá FIE/IIA og FLE.

Fundurinn fer fram á ensku.

Skráning á fie@fie.is